

MINNISBLAÐ

Um ráðningu aðstoðarkennara í BA-námi og verkefni þeirra – skólaárið 2008-2009

1. Ráðinn verður 1 aðstoðarkennari per 50 virka nemendur í námskeiði. Þannig verða að jafnaði ráðnir 2 aðstoðarkennarar fyrir hvert námskeið í BA-námi (þó a.m.k. 4 í almennri lögfræði).
2. Umsóknarfrestur haustið 2008 verður til **miðvikudagsins 10. september** með það í huga að umsjónarkennarar hafi gengið frá ráðningu aðstoðarkennara mánudaginn 15. september.
3. Umsóknarfrestur vormisseri 2009 verður til **mánudagsins 12. janúar** með það í huga að umsjónarkennarar hafi gengið frá ráðningu aðstoðarkennara föstudaginn 16. janúar 2009.
4. Gert er ráð fyrir að vinnuframlag aðstoðarkennara jafngildi vinnu til 6 ECTS eininga í námskeiði í meistaranámi eða um 120 tímar (10 tímar í viku í 12 vikur). Til viðmiðunar skiptast verkþættir með eftirfarandi hætti:
 - (i) Undirbúningur og kennsla í umræðutímum – allt að **40 tímar**.
 - (ii) Yfirferð skriflegra æfingaverkefna eða verkefna sem hluta af námsmati og/eða yfirferð lokaprófs – allt að **60 tímar**.
 - (iii) Annað, t.d. aðstoð við umsjónarkennara – allt að **20 tímar**.

Róbert R. Spanó og Viðar Már Matthíasson